

Niðurstöður umræðuhópa kynntar. Klukkan er 17.10
laugardaginn 14. nóvember.

Kristín Sigurðardóttir; hópur 1:

Við vorum ekki með mjög flóknar niðurstöður. Spurningin sem við fengum var: Hvaða leiðir á að nota til að opna æðar milli grásrótar og þingfloks og við ræddum þarna plögg sem við fengum með niðurstöðum frá framsögumönnum og við töluðum um bakhópa, sem ættu að fylgja málum alla leið og síðan fórum við að velta fyrir okkur af því að auðvitað skiptir ekki máli í hvaða röð við tökum þetta, hver væri tilgangurinn með að opna þessar æðar og værum við þá að gera þingkonur eða okkur sjálfar hæfari. Mér finnst reyndar svolítið erfitt að tala um okkur og þær. Ég er sjálf ekki sátt við þessa skiptingu, en ég vona að þið takið þetta svona innan gæsalappa. Þó að tilgangurinn með að opna þessar æðar sé að gera almennu grásrótina hæfari eða þingflokkinn. Okkar niðurstaða var sú að orkustreymið ætti að liggja frá grásrótinni til þingfloksins og það væri á okkar ábyrgð að þær fengju næga orku og fyndu fyrir hvað væri að gerast í grásrótinni.

Streymi í hina áttina var okkur minna áhyggjuefni og við töldum að það væri nokkuð gott. Það væri alla vegana ekki stórt vandamál með streymi frá þingflokknum til okkar. Hitt var að við vorum með samviskubit og hugmyndir um hvernig við gætum unnið málefni og hópvinnu þannig, að hún skilaði sér frá okkur til þeirra og síðan vorum við að hugleiða, hvort við

hefðum einblínt of mikið á beinar lagabreytingar á þinginu, hvort við værum e.t.v. búnar að gera of mikið í lagabreytingum, hvort það væri málid eða hvort við ættum að veita framkvæmdavaldu meira aðhald. Síðan ræddum við þetta vitt og breitt og það komu náttúrlega upp margir góðir fletir, sem skiliðu sér alls ekki á blað hjá mér. Síðan vorum við að tala um það, að - konur í Kvennalistanum þyrftu að skila til þingfloksins því sem brennur á þeim sjálfum og þetta á auðvitað við konur alls staðar. Og við þurfum að vara við þessari áherslu og umræðu, sem hefur verið um sérfræðinga. Það að setja konur í sérfræðihópa hefur sína galla og við verðum að vara okkur á því, að vera ekki með of mikilla áherslu á sérfræði. Grasrótin hefur ýmislegt annað verðmætt að auki við sérþekkingu.

Við vildum að það væru kankske meiri persónulegar umræður. Það mætti spyrja spurninga, hvernig líður grásrótinni, hvernig hafið pið það og svona spjalla svolitið persónulega, ætti að koma úr sálpontinum. Við erum alltaf í þessari mótsögn um dreifingu valds og stjórnun. Og svo var að lokum hérna ein tillaga um það, að hver angí sem ekki hefur þingkonu hafi einn fastan fulltrúa, sem væri tengiliður eða hluti af þingflokknum.

Þetta eru svona losaralegir punktar úr niðurstöðum frá hópi 1 og ef Sigrún vill kankske bæta um. Við vorum bara hræddar við vald og vildum helst ekki taka ákvörðun. Takk fyrir.

Fundarstjóri: Já, þakka þér fyrir Kristín.

Og þá er það hópur nr. 2. Gunnhildur, gjörðu svo vel.

Gunnhildur Bragadóttir; hópur 2:

Já, spurningarnar sem við fengum, var að endurskoða hlutverk tengiliða. Ég held að við úti á landi höfum nú kynnst því hvernig tengiliðir starfa og við vorum ákveðnar í því, að reyna að halda þessu áfram og efla það svolitið. Við vorum að ræða um það - þegar kvennaframboðið var, þá var komið á fundum tengla einu sinni á ári. Þá kom einn tengill úr hverju kjördæmi saman. Við komum saman á mismunandi stöðum. Það var bara einu sinni fundur á Akureyri og við vorum að tala um að koma þessu á aftur, þannig að það yrði sendur einn tengill úr hverju kjördæmi og þá reynt að hafa t.d. two fundi á ári, annan úti á landi og hinn í Reykjavík.

Síðan var verið að tala um skipulagða fasta fundi landsbyggðarkvenna. Við ræddum þessa hugmynd Kristínar Karls um það að hafa marga fundi í hverju kjördæmi samtímis og það kæmi þá kannske þingkona á jafnvel alla fundina. Ef það yrðu t.d. þrír fundir á Austurlandi, þá yrðu það að vera þrjár þingkonur, hver á sínum firði og það yrði þá símasamband á milli. Eins vorum við að ræða um það, að það væri mjög gott ef við kæmum á einhverjum föstum fundum, þar sem - yrði dagskrá. Ég býst við að allir hafi upplifað það, sem eru búinir að vera lengi í Kvennalistanum, að ef við auglýsum fund í okkar húsnæði, þá kemur bara þessi fasti kjarni og það væri kannske hægt að nota einmitt þessa fundi þannig, að við mundum auglýsa dagskrá, fengjum þá einhverja til að flytja erindi og í leiðinni fengjum við þá kannske einhverjar nýjar konur, sem virðast eitthvað vera hræddar við okkur, þessar gömlu, sem þær halda að viti öllu viti.

Þriðja var að ein þingkona sé ábyrg fyrir tengslum við landshluta og þá er átt við þá landshluta, sem eiga ekki fulltrúa á þingi. Við vorum samþykkar því, meira að segja að

kalla hana kjördæmisfóstru en við viljum ekki, að þetta verði aukavinna fyrir hana að öðru leyti en því, að hún mæti á fundum. Hún þyrfti ekkert endilega hafa samband við þennan landshluta heldur megi hann hafa samband við hana. Þannig að maður verði þá að hringja í þessa þingkonu ef við viljum fá einhverju máli framengt ellegar fá einhverja til að koma. Hún komi þá t.d. á fundi svona eins og fjórðungsfundi og þess háttar fundi fyrir hönd Kvennalistans, eins og það var t.d. hjá Fjórðungssambandi Sunnlendinga. Við eigum ekki þingkonu þar, þá mætti ein þingkona, þessi kjördæmisfóstra fyrir hönd Kvennalistans þar.

Svo var fjórða atriðið og það er að komið verði á vinnuheimsóknum kvenna á landsbyggðinni, t.d. yrði það ein vika tvívar á ári. Okkur fannst líka að þær að sunnan ættu líka að koma til okkar. Þær þurfa kannski ekkert endilega að vera í heila viku hjá okkur, en þær geta verið eina helgi.

Síðasta sem við vorum með var þessi aukaspurning og hún var um vald og við vorum ekki allar alveg á einu máli um það. Niðurstaðan varð eiginlega sú, að við óttuðumst ekki vald en okkur hefur fundist að þetta væri á karlafor森um og vald væri notað sem skammaryrði og ef við myndum nú breyta til og nota það sem valfrelsi í staðinn fyrir vald og það væri meira á okkar for森um, þá mundum við kankske vera til í slaginn. Ég var hins vegar sú eina sem vildi fara í stjórn af því ég óttast ekkert karla.

Fundarstjóri: Þakka þér fyrir, Gunnhildur. Guðrún Jóns, gjörðu svo vel.

Guðrún Jónsdóttir; starfskona Kvennalistans.

Já, səlar. Það var út af þáttökugjaldi landsfundar. Það láðist að segja frá því, að þáttökugjaldið 1400 kr. var hugsað þannig, að þúsund kr. færu í ferðasjóð, þannig að bæði konur í Reykjavík og á Vopnafirði borguðu þúsund krónur fyrir ferðina hingað.

Síðan myndi Kvennalistinn borga það sem upp á vantar til þess að greiða niður ferðakostnað utan af landi. Það verða - áætluðum við svona um það bil 100 þús. kr. Þannig að þær sem keyrðu t.d. frá Sauðárkróki og borguðu líka 1000 kr. hér í ferðasjóð eiga að sjálfsögðu að fá borgaðan ferðakostnaðinn til baka. Það eru fleiri konur sem eiga eftir að gera það upp, margar eru búnar að því. Við borguðum flugfar, við fengum 20% afslátt á flugfari fyrir þær sem komu utan af landi og ég ætla að biðja ykkur að koma til míni til að fá greiddan ferðakostnað.

Fundarstjóri: Já, svo er það líka annað hérna þá svona utan dagskrár. Ég ætla að minna ykkur á að mæta stundvislega á morgun vegna þess að á morgun kl. 4 er útifundur hérna vegna miðbæjarskipulagsins og það eru víst margar eða nokkuð stór hópur sem hefur hugsað sér að mæta þarna kl. 4. Það þýðir að við megum ekki drolla neitt á morgun og þetta er sem sagt hópur sem stendur fyrir þessum fundi, sem nýlega hefur verið stofnaður til að mótmæla ráðhúsi við Tjörnina. Jæja, þá eru það bara niðurstöður úr hópi 3. Það er Anna Kolbrún.

Anna Kolbrún; hópur 3.

Það sem við fengum í hóp nr. 3 var spurningin, getur þú hugsað þér þingkonur okkar sem ráðherra eða kýstu heldur að við séum nokkurs konar breytingarafl, sem fyrst og fremst eigi

heima í stjórnarandstöðu? Það var voða gaman að ræða um þetta í hópnum og við komumst að því, að við erum í raun breytingarafl, sem stöðugt þarf að vera í endurskoðun. Við stefnum í stjórn, það er ljóst, en ekki bara til að fara í stjórn heldur sem uppbrot í núverandi stjórnskipan með okkar markmið að leiðarljósi. Meiri hlutinn var nú sammála um að ekki væri æskilegt að sama kona væri bæði þingkona og ráðherra, þar sem hvort tveggja væri mikið starf og erfitt. Þetta var nú svona það helsta um þessa spurningu.

Svo vorum við líka með spurningu um það hvort það braut á lágmarkslaununum eða braut á okkur sjálfum. Það sem ég skrifaði hérna niður um þetta atriði var, að í raun og veru braut á stefnu og vinnubrögðum Kvennalistans í stjórnarmyndunarviðræðunum. Opinberlega braut á launamálunum, en í raun á stefnu og vinnubrögðum Kvennalistans. En okkur finnst trúlegt að nánast hefði getað brotið á hvaða málefnum sem er þar sem hugsunaháttur og vinnubrögð eru ólík í grundvallaratriðum. Takk fyrir.

Fundarstjóri: Já, þakka þér fyrir, Anna Kolbrún. Hver er hérna frá hópi 4? Bryndís, gjörðu svo vel.

Bryndís; hópur 4.

Já, ágætu fundarkonur. Ég ætla að reyna að gera þessu skil fyrir hóp 4 svona eftir fremsta megni eftir því sem ég skil skrift ritarans, sem þurfti að fara kl. 5. En við fengum spurninguna. Á hvað vilt þú að lögð verði áhersla annars vegar á Alþingi og hins vegar í sveitarstjórnum.

Ég held að hópurinn hafi verið sammála um það, að áfram skyldi lögð áhersla á kvennamál og þá kom jafnframt fram það

sem áður hefur svo oft verið bent á, að öll mál eru kvennamál og launamálin voru ofarlega í huga og það vanmat sem er á þeim störfum sem konur sinna, umönnunar- og þjónustustörfum. Hópurinn samanstóð af konum bæði hér af péttbýlissvæðinu og utan af landi og það virtist brenna mjög á konum úti á landi það óöryggi sem ríkir í sambandi við fiskvinnslu og störf í frystihúsum með tilkomu aukinnar sölu á gámafiski til útlanda. En nr. 1, 2 og 3 þá virtust það vera launamálin, sem okkur fannst að ætti að leggja áfram áherslu á og með einhverjum ráðum, að hefja þessi vanmetnu störf til vefs og virðingar. Lausnirnar höfðum nú ekki svona í hendinni.

Einnig kom fram að ofbeldismál, á einhvern hátt þyrfti að leggja áherslu á.

Landsbyggðarmál voru mjög í brennidepli og ástæða er til þess að sinna þeim. Ég veit ekki hvort ég á að fara að tína nokkuð til. En varðandi ofbeldismálin, þá lögðum við áherslu á réttleysi kvenna og barna í ofbeldismálum. Sjávarútvegsmálin væru bein hagsmuna kvenna. Öll mál væru kvennamál, eins og ég sagði áðan, og taka þyrfti á flestum málum með okkar afstöðu að leiðarljósi, kvennapólítisk sjónarmið.

Við ræddum einnig að sú launastefna sem ríkti í landinu væri mjög óæskileg, borganir undir borðið og siðleysi sem alls staðar ríkti í ákvarðanatökum og annars staðar. Og í lokin þá veltum við fyrir okkur, hvernig mætti finna þessa nýju leið, sem við þyrftum á að halda í baráttunni fyrir bættum launum og endurmati á störfum kvenna og sú leið þyrfti að taka virkilega á launastöðu kvenna.

Þetta er svona í stórum dráttum það sem hópurinn ræddi. En launamál kvenna og ofbeldi gagnvart konum og börnum voru mjög ofarlega og þetta óöryggi sem konur búa við úti á landi, sem

starfa við fiskvinnslu.

Varðandi síðustu spurninguna, sem við fengum sem aukaspurningu, um það hvort brotið hefði á lágmarkslaununum eða á okkur sjálfum, þá töldum við okkur nú ekki hafa svarið við því, en eins og fram kom hér áðan, þá opinberlega braut á kröfunni um lágmarkslaunin, en við vorum svo sem ekki búin að ræða það neitt til hlítar, hvað hefði tekið við ef við hefðum náð þeirri kröfum fram. Ég held að það sé komið svona í stórum dráttum. Takk.

Fundarstjóri: Já, þakka þér fyrir Bryndís. Þarna er Rannveig komin fyrir hóp 5, gjörðu svo vel.

Rannveig; hópur 5.

Já, hópur 5 var með spurninguna, hver er besta leiðin til þess að virkja konur og ná til kvenna utan Kvennalistans. Og við höfðum þá aðferð að við byrjuðum á því, að segja hver frá því, hvernig hún komst í Kvennalistann og það kom fram að það var eftir ýmsum leiðum, sem við byrjuðum. Sumar höfðu heillast strax af stefnu Kvennalistans og fóru strax á fund þegar þær fréttu, að það ætti að fara að stofna Kvennalista. Aðrar höfðu verið fengnar til þess að koma af vinkonu eða kunningjakonu. Ein fékk fréttabréfið sent og fannst þá bara að hún væri komin í pennan hóp vegna þess að það var svo persónulegt og skemmtilegt og sumar höfðu orðið svo hrifnar af úrslitum síðustu kosninga eða kannski ennþá frekar af því, hvernig Kvennalistakonur stóðu sig í kosningabaráttunni og hvernig þær komu fram, þess vegna voru þær komnar í Kvennalistann. Út frá þessu þá komumst við að þeirri niðurstöðu, að það yrði að halda fundi og Kvennalistinn yrði að hafa einhverja starfsemi, þar

sem konur gætu komið, þó þær komi kannski fáar, þá verður sá möguleiki að vera fyrir hendi. Og þá var talað ekki síst um svona fyrirkomulag eins og var á kvennarútunni, þar sem var mikil stemmning.

Og svo kom upp sú spurning, hvaða hópar það eru sem eru síst í Kvennalistanum, hverjar eru það sem vantar og það var þá fannst okkur verkakonur, fiskverkakonur og verslunarkonur og svona ýmsir hópar, sem ekki eru með og við komumst að peirri niðurstöðu, að það þyrfti að reyna að fá þær konur, sem þekkja störf þessara stéttu til þess að vera virkar í því að reyna að ná til peirra og þannig mætti t.d. stofna einhvers konar kynningarhóp eða virkjanahóp til þess að reyna að virkja fleiri með, sem færðu þá jafnvel á vinnustaði og kynntu Kvennalistann og eins inn á fundi hjá kvennasamtökum ef möguleiki er á því t.d. hjá kvenfélögum eða ýmsum hópum og reyndu þannig að ná til þessara kvenna. Og það væri þá ekki bara verið að kynna stefnu Kvennalistans heldur að kynna vinnubrögðin, því að okkur datt það í hug að kannski hefur það ekki komist nóg vel til skila til kvenna, hvernig vinnubrögðin okkar eru, hvað það er í rauninni auðvelt að vera í Kvennalistanum, að það eru ekki gerðar endilega svo miklar kröfur til manns ef maður vill það ekki.

Og svo var hér um það, já, við vorum að tala um það líka, að við þurfum að muna eftir því í Kvennalistanum, að við megum ekki vera að hneykslast á konum sem áhugamál eins og t.d. það er kannske fussað og sveiað yfir saumaklúbbum og hannyrðum, en þetta er nú kannske einmitt kvennamenningin, sem við erum sjálfar oft að tala um. Þannig að við þurfum að hafa það í huga, að líta ekki niður á neina hópa kvenna og út frá því kom líka til tals fréttabréfið, sem er mjög skemmtilegt og

persónulegt. Þar þarf að passa upp á, að það nái til allra. Það kom t.d. um daginn grein eða frásögn af einhverri ráðstefnu í Stokkhólmi um umhverfismál og þar voru langar klausur á ensku um málefni sem voru á dagskrá á þessari ráðstefnu. Og þetta er náttúrlega ekki nógu gott, því það er fjöldi kvenna í Kvennalistanum sem hefur kannski aldrei lært neina ensku og það kemur kannske hugsanlega illa við þær, að fá sent eitthvað svona, þetta er nú bara þessar menntakonur sko, þær geta lesið þetta. En sem sagt við ættum að vara okkur á því, og muna það að þetta er breiður hópur og það þurfa allar að hafa möguleika á því að vera með.

En við fundum því miður enga svona patent lausn, hvernig á að virkja konur í Kvennalistann, því ef það væri búið þá náttúrlega værum við sjálfsgagt ennpá fleiri en við erum. Það væri eiginlega þetta að vera vakandi fyrir því, að ræða við þær konur sem við þekkjum og vera ekkert feimnar við að ræða Kvennalistann - eða kvennamál á vinnustöðum eða í þeim félögum, sem við erum í eða stéttarfélögum og hvor sem er.

Og svo var það hin spurningin, aukaspurningin, braut á lágmarkslaununum eða braut á okkur sjálfum og við viljum bara endilega standa á því fastar en fótunum, að það hafi brotið á lágmarkslaununum. Hitt verðum við þá a.m.k. að ræða og gera upp við okkur áður en við förum að samþykkja það, að geti skeð að við höfum bara ekki viljað fara að ráða. Þá er það búið.

Fundarstjóri: Þakka þér fyrir, Rannveig. Þá eru það niðurstöður frá hóp nr. 6, það er Rakel.

Rakel; hópur 6.

Já, spurningin sem við fengum var, hvaða mál vilt þú að lögð sé höfuðáhersla á á Alþingi og í sveitarstjórnum. Það

voru byggðamálín, sem við töldum að yrðu í brennidepli í næstu kosningum, eins og t.d. sjávarútvegsmál, landbúnaðarmál, samgöngur, sem tengja saman hin ýmsu þjónustumál t.d. skóla og heilbrigðismál, að skoða öll mál út frá Kvennalistasjónarmiði og eiga frumkvæði í bættum hag kvenna og barna og reyna að velta upp nýjum fleti á sem flestum málum. Leggja þarf áherslu á tengsli á milli allra anga, þannig að mismunandi áherslupunktar komist til skila til alþingiskvenna. Og öll mál eru kvennamál og um leið varða þau alla landsmenn, eins og t.d. fiskvinna eða fjárfesting útlendinga hér. Einnig ræddum við um mikilvægi kvennasögusafns og umhverfismál. Friðarmál og umhverfismálín voru nú aðallega um plastúrgang og þess háttar og svo kom upp spurningin, hver ætti að vinna í fiski ef allir færðu í langskólanám. En svo komumst við að því, að það þyrfти að leggja áherslu á sem mesta fjölbreytni í sem flestum málum, eins og menntun, menningu og finna leiðir til þess að öllum geti liðið vel hver á sínum stað, að jafnvægið verði sem mest á allri landsbyggðinni. En mikill fjárhagslegur mismunur, aðstöðumunur er hjá fólk til að mennta börn sín úti á landsbyggðinni.

Og svo er það varðandi síðustu spurninguna vorum við allar sammála um, að það hefði brotið á gefnum loforðum við kjósendur, sem er ófrávíkjanlegt skilyrði þess að þeir geti treyst okkur. Þrátt fyrir það hefur nú fylgi okkar frekar aukist heldur en hitt þó það megi kannski deila um það, hvort við hefðum getað haft áhrif á ýmis mál eins og t.d. matarskattinn. En svona þetta var það helsta sem var spjallað um. Takk.

Fundarstjóri: Já, þakka þér fyrir Rakel. Og þá er það Jóhanna sem gerir grein fyrir niðurstöðum úr hópi 7.

Jóhanna; hópur 7.

Hópur 7 fékk að okkur fannst mjög stórar spurningar. Hvað viljum við með Kvennalista, viljum við raunverulegt vald eða erum við kvennapólítískir stjórnleysingjar. Við tókum þannig á þessum spurningum, að eiginlega fórum við að hugsa um tillöguna, sem var lögð fram í dag um hvort það ætti að leggja niður Kvennalistann og út frá því, hvort Kvennalistinn er eins og við viljum hafa hann og hvort við viljum hafa hann eins og hann er. Niðurstæðan varð sú að við viljum hafa Kvennalistann eins og hann er vegna hugmyndafræðinnar, sem liggur að baki honum og að Kvennalistinn er hugmyndafræðin, hugmyndafræðin er okkar, þannig að Kvennalistinn erum við.

Til að koma þessari hugmyndafræði til skila, er ein leiðin að bjóða fram til Alþingis. En okkur fannst það vera bara ein leiðin. Grasrótstarstarfið sem unnið er út um allt land og bara líf okkar og viðhorf er líka leið og er í raun og veru bara eins og aðskilin ber í garðinum okkar sem við erum að rækta.

Svo var spurningin um þetta, hvort við vildum raunverulegt vald. Með því að bjóða fram til Alþingis, þá erum við í raun og veru að sækjast eftir valdi og niðurstæðan varð því sú, að við viljum vald og við viljum þá fara með það á kvennapólítískan hátt að sjálfsögðu. En við erum samt hræddar við þetta vald, en látum það ekki á okkur fá. Við vissum nú kannski ekki alveg hvernig við ætluðum að fara með spurninguna, erum við kvennapólítískir stjórnleysingjar. Þannig að við ræddum hana ekki beint. En ræddum það svolítið hvort þingkonur séu eitt en aðrar Kvennalistakonur annað. Okkur finnst að það þurfi að leggja mjög mikla áherslu á, að þingkonurnar einangrist ekki og við þurfum að vanda okkur mjög við að hugsa ekki um þær annars vegar og okkur hins vegar, hvaða leiðir sem

við fórum til þess.

Já, við ræddum það svolítið líka, hvernig upphaflega hugmyndin var að Kvennalista og við vorum þarna bæði fulltrúar þeirra sem hafa verið með frá upphafi og þeirra sem - eru tiltölulega nýbyrjaðar og okkur fannst að í upphafi hafi verið lögð dálitið mikil áhersla á það, að Kvennalistinn væri tímabundið fyrirbæri. Við töluðum um það, að hann væri eina stjórnmálaaflið, sem væri stofnað til þess með beinlínis að markmiði, að leggja sjálfan sig niður. En eftir því sem tíminn líður og við vinnum meira að þessari hugmyndafræði, þá hefur hún próast og proskast. Við vorum sammála um það, að Kvennalistinn og hugmyndafræði hans væri kominn til að vera vegna þess að það sé ekki raunhæft að hugsa sér fullkomíð kvennýtt lýðræði, eins og Anna talaði um, á næstunni.

Við ræddum það, hvað við erum á mismunandi stigi í umræðunni um kvennapólítík. Og það kom fram svolítið vanmat kvenna á sjálfum sér. Sumar höfðu svolitla vanmáttarkennd gagnvart þeim sem eru komnar lengra á veg, en líka komu raddir um það, að það væri nú alveg óþarf. Við hefðum allar byrjað í þessari umræðu og það sé nauðsynlegt að allar konur fari sína leið og fái að vera þar sem þær eru staddar í umræðunni og ganga í gegnum þessi stig. En þeim fannst erfitt að fylgja þeim sem lengra eru komin t.d. með þessari spurningunni um - skuggaráðuneyti. Margar litu upp og hugsuðu, hvað eru þær að fara og fannst þær vera einhvers staðar langt á eftir.

Já, annað kom fram sem við ákváðum að láta koma fram. Það var að nokkrar þarna í hópnum sögðu, að þeim liði illa að koma inn á Vík, að hópurinn virkaði svo lokaður, þó að við vissum alveg að hann vildi vera opinn. Þeim fyndist að þær hefðu ekkert hlutverk þarna og vissu ekki hvað þær ættu af sér að

gera. Þær væru komnar náttúrlega sem Kvennalistakonur og vildu hitta aðrar Kvennalistakonur en þær næðu ekki sambandi. Við þurfum endilega að gera eitthvað til þess að breyta þessu og ég veit að það eru allar af vilja gerðar að gera það og svo kanskje bara ætla ég að lýsa eftir einhverjum ráðleggingum til þeirra kvenna, sem svona líður þegar þær koma inn á Vík.

Aukaspurningin, við vorum eiginlega algjörlega sammála um það, að mundi hafa brotið á lágmarkslaununum. Þrátt fyrir ótta við valdið, þá vorum við tilbúnar til að takast á við þetta. Og annað var það ekki nema að þær sem voru með mér í hópnum hafi eitthverju við þetta að bæta. Þakka ykkur fyrir.

Fundarstjóri: Já, þakka þér fyrir Jóhanna. Þá er komið að síðasta hópnum, það er hópur nr. 8, hver ætlaði að gera grein fyrir störfum hans? Hulda, gjörðu svo vel.

Hulda; hópur 7.

Við fengum spurninguna, hvernig getum við endurskipulagt starfið til að auka tengslin við landsbyggðina. Það vildi svo vel til, að í þessum hóp voru fulltrúar frá fimm kjördæmum. Við ræddum fyrst um það að við þyrftum að reyna að hætta að tala um konurnar á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og konurnar á landsbyggðinni hins vegar. Við værum allar Kvennalistakonur og ættum margt sameiginlegt og reyna að halda okkur við það, þó að vissulega gæti oft verið munur.

Það voru nokkrar hugmyndir hvernig mætti auka þessi tengsl og það voru aðallega fimm hugmyndir sem komu fram sem ég ætla að nefna. Það er í fyrsta lagi hugmynd um, að fundagerðir framkvæmdaráðsangana yrðu sendar milli allra anga, þannig að það mætti berast til Austurlandskjördæmis fundargerðir frá

framkvæmdaráðum allra anga í landinu, þannig að það væri hægt aðeins að fylgjast með þannig. Næsta sem við ræddum var símatími þingkvenna. Við vorum sammála því, að það væri ákaflega mikilvægt, að þær hefðu ákveðinn auglýstan símatíma, þannig að það væri hægt að hafa samband við þær. Síðan var fulltrúi frá Norðurlandi vestra, sem var með ákaflega skemmtilega tillögu eða upplýsti okkur um það, hvernig þær hefðu gert hlutina á Norðurlandskjördæmi vestra. Þær halda opna fundi annan hvern mánuð, þar sem það er leitast við að fá þingkonurnar á fundi, annað hvort að þingkonurnar séu með eitthvað fyrirfram ákveðið mál eða þá að þær komi bara til þess að spjalla við konurnar. En þarna skiptist þingkonurnar á að koma og það sem kankske mestu máli skiptir, er að fundirnir eru ekki alltaf á sama stað. Fyrsti fundurinn var á Siglufirði, síðan á Blönduós, síðan er stefnt að því að hafa fundi á Sauðárkrók og Hvammstanga. Þannig getur maður í myndað sér góða leið til þess að ná til margra kvenna, sem eru utan Kvennalistans. Það hefur sýnt sig t.d. á Siglufirði, að þar mættu konur utan Kvennalistans og var það mjög góður fundur og lærðómsrikur fyrir alla aðila.

Mér dettur í hug, að það var einhver hópur hérna áðan, sem talaði um að kjördæmafóstru, en mér heyrðist í okkar hópi að þær væru einmitt ekki hlynntar þannig fóstrum heldur að það yrði svona ákveðin rótasjón á því, að þingkonur kæmu í öll kjördæmi. Og ef allir angarnir hefðu eitthvað svipað annan hvern mánuð og þingkonurnar skiptust á að mæta, þá ætti þetta ekki að vera óyfirtíganlegt fyrir þingkonurnar.

Við ræddum aðeins um tengsl varapิงkvenna eða varapิงkonu í Norðurlandskjördæmi eystra og það kom í ljós, að tengsl hennar við þingið eru mjög lítil, alltof lítil og það var talað

um, að það væri mjög mikilvægt að farið verði eftir 10. lið í starfsreglum Kvennalistans um þingráð, þar sem segir að fastir fulltrúar í þingráði eru þingkonur, varapิงkonur Kvennalistans hverju sinni og ein kona úr framkvæmdanefnd hvers anga ef kostur er o.s.frv. Þannig að varapíngkona verði að vera í tengslum við það starf, sem fram fer, þannig að hún geti verið tilbúin ef hún af einhverjum orsökum þarf að hoppa inn á þing fyrirvaralítið. Þetta kostar náttúrlega peninga að fá konur úr öngunum til að koma á þingráðsfundi, en eins og við vitum alltaf þar sem peningamálín eru annars vegar þá er þetta bara spurning um forgangsröðun.

Síðan var það ein spurning sem við vorum að ræða, og það var þessi fundartími landsfundar. Við vitum ekki nákvæmlega af hverju nóvember var valinn. Það rifjast þá upp fyrir einhverjum að vísu, að flestir aðrir mánuðir væru óheppilegir, það væri ýmist sumarfrí eða eitthvað, en alla vega þá vildum við að það yrði tekið til athugunar, að breyta fundarmánuði, þannig að það væri hægt að láta landsfundinn vera til skiptis út um landið, því vegna færðar og veðurs þá er alveg ógjörningur að stóla á það í nóvember, að hafa fundinn kannske á Vopnafirði eða einhvers staðar um landið. Fólk kemst bara ekki, maður getur ekki stólað á það vegna veðurs. Spurning er hvort ekki mætti alveg hafa hann í maí eða september og þannig hafa hann út um land til skiptis og þetta gæti verið mjög góð auglýsing fyrir Kvennalistann í byggðarlögnum.